

Nr. 035 / 11 Guðbjartur SH 45***Fær drauganet í skrúfuna og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 2574
IMO nr. 0
Smíðaður: Hafnarfirði 2003 plast
Stærð: 11,3 brl. 14,7 bt.
Mesta lengd: 11,65 m Skráð lengd: 11,37 m
Breidd: 3,67 m Dýpt: 1,46 m
Vél: Caterpillar 344 kW 2005
Fjöldi skipverja: 2



Guðbjartur ©Alfons Finnsson

Gögn:

Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 27. maí 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 5. apríl 2011 var Guðbjartur SH 45 að leggja fiskilínu um 4 sml SA af Látrabjargi. Veður: Logn.

Þegar siglt var í gegnum þangfláka á reki stöðvaðist vélin og í ljós kom að mikið af drauganeti (þorsknetatrossa) var í skrúfunni. Skipstjóri óskaði eftir aðstoð og björgunarskipið Björg dró bátinn til Rifshafnar.

Við rannsókn kom fram:

- að á svæðinu voru miklir þangflákar með mikið af allskyns úrgangi í s.s plastlátum o.fl. Netatrossan virtist vera gömul og talið að hún hafi legið eitthvað í fjöru.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.